



Talningarskýrsla fyrir Norðurá (Glanna) sumarið 2008


Tímabil frá 02.06.08 kl.19:42 til 07.10.08 kl.12:28

Heildarskráningar tímabilsins voru 4.790. Gögnin voru flokkuð í tvo flokka (fiskur og ekki fiskur) eftir þeim upplýsingum sem teljarinn gefur, en þau eru ma. skuggamyndir, hraði, staðsetning í rammanum og tengsl við aðra skugga á sama tíma. 4.730 skráningar reyndust fiskar (skuggamyndir og aðrar upplýsingar sýndu það), í 60 tilfellum voru skuggarnir ekki af fiskum heldur yfirborðstruflun eða sögi. Teljarinn virkaði óaðfinnanlega eftir að hann var settur niður og engar villumeldingar koma fram eftir þann tíma.

Eins og sést í töflunni hér að neðan voru í heildina 4.730 fiskar sem fóru í gegnum teljarann, 4.616 upp og 114 sem fóru niður aftur. Nettó var því uppganga 4.502 fiskar. Af þeim voru 77 (2%) silungar eða smálaxar undir 40 cm lengd, 4.187 (93%) eins árs laxar á bilinu 40 – 70 cm og 238 (5%) tveggja ára laxar (yfir 70 cm) gengu upp stigann.

	Upp	Niður	Upp – niður
Lítill (< 40 cm)	88	11	77
Meðal (40 – 70 cm)	4281	94	4187
Stór (> 70 cm)	247	9	238
Samtals	4616	114	4502

Flestir fiskar gengu þann 22. júlí eða nettó (upp - niður) 988 fiskar (13%). Hér að neðan gefur að líta skráningar þess dags.




Ef göngur eru skoðaðar fyrir hvern mánuð þá kemur í ljós að langflestir fiskar gengu í gegnum teljarann í júlí, eða 3.711 (82,4%). Hæsta hlutfall tveggja ára lax gekk í gegnum teljarann í júní.

	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.
Lítill (< 40 cm)	22 (13%)	35 (1%)	8 (2%)	12 (6%)
Meðal (40 – 70 cm)	104 (62%)	3.519 (95%)	395 (92%)	168 (88%)
Stór (> 70 cm)	42 (25%)	157 (4%)	27 (6%)	12 (6%)
Samtals	168	3.711	430	192


Eins og kemur fram í grafi 3, þá var nokkuð jöfn ganga yfir allan sólarhringinn, þó meiri ganga seinni hluta dags og fram undir miðnætti.

Stærsti fiskur sumarsins gekk í gegnum teljarann 26. ágúst klukkan 23:18 og var mældur 88 cm langur. Meðallengd allra fiska var 59,2 cm. Ef meðallengd er reiknuð fyrir hvern mánuð þá var hún 60 cm í júní en alla aðra mánuði var hún 59 cm. Lengdarmæling byggir eingöngu á fiskum sem ganga upp í gegnum teljarann.


Hitastigið var skráð á þriggja tíma fresti allt tímabilið og var meðalhitinn 9,9°C




Með kveðju
Benedikt Hálfðanarson




Forritsglugginn sýnir gagnagrunninn flokkaðan og mynd af stærsta fiski sumarsins.




Graf 1a - Sýnir heildargöngu tímabilsins, fjöldi fiska á Y-ás. Bláa línan sýnir hitastig.




Graf 1b - Sýnir heildargöngu júní, fjöldi fiska á Y-ás. Bláa línan sýnir hitastig.




Graf 1c - Sýnir heildargöngu júlí, fjöldi fiska á Y-ás. Bláa línan sýnir hitastig.



Graf 1d - Sýnir heildargöngu ágúst, fjöldi fiska á Y-ás. Bláa línan sýnir hitastig.




Graf 1e - Sýnir heildargöngu september, fjöldi fiska á Y-ás. Bláa línan sýnir hitastig.




Graf 2a – allt tímabilið

Sýnir stærð og stefnu allra fiska tímabilsins, hver súla táknar einn fisk. Neikvæð lengd eru fiskar skráðir niður og lengd hvarar súlu segir til um lengd fisksins.




Graf 2b – júní

Sýnir stærð og stefnu allra fiska tímabilsins, hver súla táknar einn fisk. Neikvæð lengd eru fiskar skráðir niður og lengd hvernar súlu segir til um lengd fisksins.




Graf 2c – júlí

Sýnir stærð og stefnu allra fiska tímabilsins, hver súla táknar einn fisk. Neikvæð lengd eru fiskar skráðir niður og lengd hvernar súlu segir til um lengd fisksins.




Graf 2d – ágúst

Sýnir stærð og stefnu allra fiska tímabilsins, hver súla táknar einn fisk. Neikvæð lengd eru fiskar skráðir niður og lengd hvernar súlu segir til um lengd fisksins.




Graf 2e – september

Sýnir stærð og stefnu allra fiska tímabilsins, hver súla táknar einn fisk. Neikvæð lengd eru fiska skráðir niður og lengd hversar súlu segir til um lengd fisksins.



Graf 3 – Sýnir hvenær sólarhringsins fiskurinn er á ferðinni í gegnum teljarann.



Graf 4 – Sýnir lengdardreifingu.

Hér að neðan eru nokkrar dæmigerðar myndir af því sem flokkað var sem truflanir

